



Til: Jón Guðmundsson <jon@kjós.is>  
Efni: Re: Umsagnarbeiðni  
Upplýsingar: Sent: 17.08.2018 16:30:24 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018080004, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018080004

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Kjósahreppi, dags. 8. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um heildarendurskoðun Aðalskipulags Kjósahrepps 2017-2029. Þess var sérstaklega óskað að Náttúrufræðistofnun hraðaði umsögn sinni þar sem gleymst hafði að senda stofnuninni endurskoðun skipulagsins til umsagnar. Þar sem ekki hefur náðst að skoða aðalskipulagið mjög gaumgæfilega á þessum stutta tíma býðst Náttúrufræðistofnun til að ræða umsögnina eða endurskoðun skipulagsins við fulltrúa Kjósahrepps sé þess óskað.

Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ sbr. 1 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

#### Náttúruvernd:

Í Kjósahreppi er þrjú svæði á náttúruminjaskrá þ.e. eitt friðlýst svæði, náttúruvættið Steðji eða Staupasteinn á Skeiðhól í Hvalfirði og tvö önnur svæði sem ekki eru ekki friðlýst. Það eru nr. 134, Laxvogur (Laxárvogur) og Laxá í Kjós, Þórufoss, Ósmelur og Hvalfjarðareyri, og að hluta svæði nr. 136/201 sem nær yfir Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn, Glymur: Lönd Litla- og Stóra-Botns, Hrásakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga.

bls. 39 stendur „*Sveitarstjórn vill standa vörð um verndun svæðisins, m.a. að tryggja sem best að ekki verði um mengun að ræða.*“ og að koma í veg fyrir rask vegna framkvæmda s.s. efnisnáms.

Þá kemur fram að „*Unnið verður að nánari afmörkun svæða á náttúruminjaskrá í samráði við Umhverfisstofnun en afmörkun svæðanna er mjög rúm í gildandi náttúruminjaskrá*“ og þarfnast frekari útskýringa.

Á svæðinu eru náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr laga um náttúruvernd. Það eru fyrst og fremst leirur sem koma fyrir í Laxvogi, Brynjudalsvogi og Botnsvogi, en einnig votlendi, fossar og vötn stærri en 1000 fermetrar. Á bls. 13 í greinargerð kemur m.a. fram að við flokkun landbúnaðarlands hafi birkiskógar verið afmarkaðir og skilgreind hverfisvernd umhverfis þá í skipulagstillöggunni.

Á bls. 37 kemur fram „*Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á skipulagssvæðinu sem ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær kortlagðar, skipulagið er því sett fram með þeim annmörkum.*“

Um viðerni á bls. 38 segir: „*þar sem ekki hefur verið lagt fram kort af viðernum landsins verður ekki um afmörkun þeirra að ræða í þessu aðalskipulagi. Almenn t má segja að sú stefna sem sett*

*er fram í aðalskipulaginu skerði ekki óbyggð víðerni umfram það sem nú er. Víðerni eru því ekki afmörkuð á skipulagsupprætti.“*

Í stefnu Kjósarhrepps er varðar verndarsvæði og minjar stendur (bls. 38) :

- *Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.*
- *Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.*
- *Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst meðal annars í byggingararfi og landslagi.*
- *Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja.*
- *Varðveita skal lítt snortin votlendissvæði.*

Hvað framangreint varðar þá telur Náttúrufræðistofnun að í skipulaginu sé verið að vinna í rétta átt hvað varðar samspil þeirra þátta sem snúa að hlutverki Náttúrufræðistofnunar þ.e. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. T.d má nefna, það sem kemur fram hér að framan, að búið er að setja birkiskóga í hverfisvernd og tekið er fram að þrátt fyrir að land sé flokkað sem gott landbúnaðarland þá sé ekki sjálfgefið að það verði notað sem slíkt. Einnig kemur fram í greinargerð um flokkun landbúnaðarlands að þar hafi verið stuðst við m.a. vistgerðarkort.

Að mati Náttúrufræðistofnunar vantar hins vegar töluvert upp á, eins og einnig kemur fram í greinargerð með skipulaginu, sjá m.a. hér að ofan þar sem fjallað er um skort á úttekjum vegna jarðmynda og vistkerfa þ.m.t. vegna 61. gr. laga um náttúruvernd, að kortleggja þá þætti sem þarf eða ætti að vernda. Til þess hefði mátt nota betur t.d. vistgerðarkort þó þau taki ekki til allra þátta eins og t.d. fossa og annarra jarðmyndana. Þetta er sérstaklega mikilvægt bæði m.t.t. almennrar verndar en ekki síður þegar t.d. horft er til allra þeirra fjölmörgu efnistökusvæða sem lagt er til að festa í sessi í skipulaginu, sjá nánar hér að neðan.

Vissulega er hægt að taka á ýmsu hvað framangreint varðar þegar kemur að því að deiliskipuleggja svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf þó að festa betur í sessi hvaða náttúruverðmæti ber að vernda og/eða hafa orðlag hvað varðar vernd í aðalskipulaginu með ákveðnari hætti þar sem aðalskipulag er stefnumarkandi fyrir deiliskipulagsgerð. Í skipulaginu er bent á að vinna þurfi, í samráði við Umhverfisstofnun, að betri afmörkun svæða á náttúruminjasrá. Þessi vinna hefði þurft að fara fram áður en skipulagið er samþykkt. Í þessu sambandi vill Náttúrufræðistofnun benda á að stofnunin hefur nýlega gefið út tvö fjölrit nr. 54 og 55 um annars vegar Vistgerðir á Íslandi og Mikilvæg fuglasvæði en nálgast má fjölritin á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig er hægt að skoða kortasjár og hala niður vistgerðakortum. Auk þessa hefur stofnunin nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu, m.a. í Hvalfirði, fyrst og fremst vegna vistgerða og búsvæða fugla, og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjasrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/naturuminjaskra> og nánar hér <http://ni.is/node/21562> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://naturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðin starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái

tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.

Einnig má benda á að Náttúrufræðistofnun opnaði nýlega aðgang að drögum að kortasjá um svæði sem falla undir sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, sjá hér <https://serstokvernd.ni.is/>. Með því að ýta á upplýsingatáknid / í kortasjónni má sjá fyrirvara við birtingu hennar en eftir á að fullvinna hana og verður það gert nú í haust. Finna má leiðbeiningar um notkun kortasjárinnar þegar hún er opnuð. Sjá einnig: <http://www.ni.is/frettir/2018/07/naturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja> .

## Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) á bls. 25-28.

Innan Kjósarhrepps eru engin efnislosunarsvæði.

Í stefnu Kjósarhrepps kemur fram (bls. 25)

- *Stuðla skal að nægu framboði efnistökusvæða og æskilegt að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.*
- *Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.*
- *Efnistökusvæði hafi framkvæmdaleyfi.*

Gerð er grein fyrir 39 efnistökusvæðum innan Kjósarhrepps. Þar af eru einungis þrjár bergnámur en 36 námur eru í lausum jarðlögum sem tengjast framburði áa, strandseti og/eða ísaldarmenjum. Eins og kemur fram í greinargerð með skipulaginu eru efnistökusvæðin ekki í samræmi við skipulagslög og þau eru flest tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar eða sveitarfélagsins skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Á bls. 28. segir: „Þrátt fyrir að stefnan samræmist ekki skipulagslögum nr. 123/2010 þar sem minniháttar efnistaka er heimil landeiganda til eigin nota, utan verndarsvæða, er það vilji sveitarstjórnar að hafa efnistökusvæðin á skipulagi.“ Þessi afstaða er að mati Náttúrufræðistofnunar alls ekki viðunandi lausn. Þar með er ekki sagt að mörg svæðanna geti ekki vel gengið eftir. Svo virðist sem það vanti bæði náttúrufræðisáttækt og úttekt á efnisþörf og efnisgæðum og hvar best er að taka efni. Hvers vegna það þarf heilar 39 námur á ekki stærra svæði er ekki rökstutt sérstaklega og ekki er útskýrt hvers vegna það er ekki hægt að sameinast um ákveðnar námur. Efnistakan samantlagt er langt umfram það sem að öllu eðlilegu væri matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Aðeins þrjár námur eru með framkvæmdaleyfi.

Hvað varðar námuvinnslu er efnisnám yfirleitt óafturkræft, þ.e. að það sem af er tekið endurnýjast ekki. Þar sem eru virkir ferlar s.s. árfarvegir og strönd endurnýjast efni að hluta til aftur ef um sjálfbæra nýtingu er að ræða. Þetta eru viðkvæm náttúruleg ferli sem auðvelt er að raska. Það þarf því að gera mun betur grein fyrir því hvað sé átt við þegar segir í greinargerðinni „*að stuðla skal að nægu framboði efnistökusvæða*“. Þessu þarf að fylgja úttekt á efnisþörf og framboði efni m.t.t. ólíkra þátta.

Töluvert hefur verið fjallað um efnistöku á Búðasandi og hefur Náttúrufræðistofnun verið upplýst um málið og er það að mörgu leiti gott dæmi um hvað gerist ef ekki er vel staðið að málum. Náttúrufræðistofnun skoðaði efnisnám á Búðasandi haustið 2017 og er svæðið dæmi um rask á náttúrulegum ferlum. Nemi í landsupplýsingum hjá stofnuninni tók að sér verkefni að meta efnistöku svæðisins út frá loftmyndum og gefnum forsendum um óraskað svæði. Þrátt fyrir

varlega áætlaðar magntölur sýna niðurstöður að eftir árið 2000 hefur sjórinn ekki náð að endurnýja sjávarkambinn á Búðasandi og áætlað er að a.m.k 30% af upphaflegri sjávarmöl sé horfin. Skarð sem myndast hefur í sjávarkambinn getur orsakað sjávarrof á Búðasandi í framtíðinni og stefnt friðlýstum fornminjum í hættu (GK352:012 Hálsbúðir). Efnistaka á Búðasandi er ekki með framkvæmdaleyfi skv. greinargerð aðalskipulagsins og þar gildir sbr. bls. 26 að: „*Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota skv. 13. gr. skipulagslaga, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.*“

Þá er Búðasandur/Mariuhöfn, ásamt Hvalfjarðareyri og strandlengju Brynjudalsvogs skilgreind sem strandsvæði í aðalskipulagi, en í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, segir um strandsvæði „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og **mannvirkjagerð er haldið í lágmarki**“.

Bent er á ósamræmi í töflu og texta um efnistökuastaðinn Háls (E12 - Búðasandur). Í töflu á bls. 27 kemur fram að Háls hefur rétt til að nýta allt að 1000 m<sup>3</sup> á 0,2 ha svæði. Aftur á móti stendur á bls 48 að gerðar voru breytingar á tillögunni og „Efnistökusvæði á Búðasandi verði minnkuð í 0,2 ha og 6.000 m<sup>3</sup>.“

Eins og kemur fram hér að framan eru einungis þrjár námur af 39 efnistökusvæðum með framkvæmdaleyfi og aðeins 12 svæðanna eru utan náttúruverndarsvæða. Þar sem um verndarsvæði er að ræða þarf ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og framkvæmdaleyfi fyrir efnistökusvæði er háð umsögn Umhverfisstofnunar, Fiskistofu og Veiðifélags Laxár (bls. 26).

Þó það komi fram í greinargerð að Kjósarhreppur vilji bæta alla umgjörð um efnistökusvæði þ.m.t. að gefa út framkvæmdaleyfi þá telur Náttúrufræðistofnun óeðlilegt að festa í sessi í aðalskipulagi efnistökusvæði á verndarsvæðum án þess að fram hafi farið úttekt á bæði gæðum efnis og efnispörf, verndargildi lands o.s.frv. Náttúrufræðistofnun telur að þennan þátt í skipulaginu þurfi að vinna mun betur og mælist til þess að efnistökusvæði aðalskipulagsins verði endurskoðuð með tillit til verndarsvæða, þ.m.t. strandsvæða og að tilskilin leyfi fyrir þeim séu uppfyllt.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



From: Jón Guðmundsson <jon@kjós.is>  
Date: 08/08/2018 01:12:48 PM  
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Subject: Umsagnarbeiðni

---

Góðann daginn. Hér fyrir neðan er póstur sem sendur var á alla umsagnaraðila á auglýsingartíma em rann út 14 júlí síðastliðinn. Fyrir misgáning þá láðist mér að senda umsagnarbeiðnina til ykkar. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við þetta og óska ég því eftir umsögn ykkar. **Vegna tímaramma á staðfestingu aðalskipulagsins er óskað eftir að afgreiðslu málsins verði hraðað sem mögulegt er.**

*Málið varðar umsögn um heildarendurskoðun Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029. Aðalskipulagstillagan hefur verið auglýst og er frestur til að skila inn athugasemdum til 14 júlí 2018.*

*Óskað er eftir sé þess kostur að umsögnin berist fyrir þann tíma. Skipulagsgögnin liggja frammi á skrifstofu Kjósarhrepps í Ásgarði, hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b og á heimasíðu kjósarhrepps [www.kjos.is](http://www.kjos.is)*

*Sé þess óskað er velkomið að senda ykkur gögnin á tölvutæku formi.*

**Bkv.**

**Jón Eiríkur Guðmundsson**

**Bygginga- og skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps.**

email: [jon@kjos.is](mailto:jon@kjos.is)

sími: 5667100

gsm: 6994396

